

# ***Byggjum brú***

## ***frá grunnskóla til framhaldsskóla***



**Unnið árið 2020 af**

**Helgu Hauksdóttur, fræðslusviði Akureyrarbæjar**

**Sigríði Ástu Hauksdóttur, Menntaskólanum á Tröllaskaga**

### **Endurskoðun starfshóps 2021**

Helga Hauksdóttir, fræðslusviði Akureyrarbæjar  
Sigríður Ásta Hauksdóttir, Menntaskólanum á Tröllaskaga  
Harpa Jörundardóttir, sviðsstjóri brautabráar og starfsbrautar í VMA  
Margrét Guðmundsdóttir, skólaráðgjafi Fjallabyggð.

### **Endurskoðun starfshóps 2023**

Harpa Jörundardóttir, sviðsstjóri brautabráar og starfsbrautar í VMA  
Lena Rut Birgisdóttir, náms- og starfsráðgjafi í MA  
María Aðalsteinsdóttir, skólastjóri Valsárskóla  
Sandra Sif Ragnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í MA  
Svava Hrönn Magnúsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í VMA  
Þorgeir Rúnar Finnsson, skólastjóri Grenivíkurskóla  
Með hópnum vann Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri Samnor

**Grunnskólar á Norðurlandi eystra**  
**Framhaldsskólar á Norðurlandi eystra**  
**- þriðja útgáfa 2023**

## Inngangur

### Markmið

Markmið upplýsingaflæðis á milli grunn- og framhaldsskóla er að auðvelda nemanda að hefja nám á nýju skólastigi. Margir nemendur hafa þurft á aðstoð að halda í gegnum grunnskólagöngu sína. Sumir hafa fengið beina aðstoð í tengslum við nám og námsefni oft verið lagað að þörfum hvers einstaklings. Aðrir hafa fengið aðstoð og leiðbeiningar í tengslum við líðan sína, félagslega stöðu, aðlögun að íslensku samfélagi eða aðra þætti sem viðkomandi nemandi hefur þurft á að halda. Til þess að skólaskipti nemanda, úr grunnskóla og í framhaldsskóla, verði sem auðveldust og ánægjulegust fyrir viðkomandi er mikilvægt að ekki verði rof á þjónustu við þá einstaklinga sem á aðstoð þurfa að halda. Það á við um alla þætti hins mannlega lífs, s.s. í tengslum við námslega getu, íslenskukunnáttu eða líðan og félagsleg samskipti. Þess vegna er öflugt og skilvirkt samstarf grunn- og framhaldsskóla mikilvægt.

Með skilvirkum samskiptum og upplýsingum á milli starfsfólks grunn- og framhaldsskóla er unnt að flýta fyrir því að kennarar og náms- og starfsráðgjafar framhaldsskóla kynnist nýjum nemanda, þörfum hans, væntingum, styrkleikum og veikleikum. Þannig verði ekki rof á aðstoð og viðeigandi stuðningi sem nemandi þarf á að halda.

### Samvinna forráðamanna og skóla

Flestir forráðamenn þekkja vel til samskipta við grunnskólann en ef til vill síður við framhaldsskólann. Nauðsynlegt er að starfsfólk grunn- og framhaldsskóla hvetji þá til að hafa samband við stjórnendur, náms- og starfsráðgjafa eða kennara ef upp koma áhyggjur, eitthvað er óljóst eða ef þeir vilja ræða um stöðu nemandans. Á heimasíðum skólanna má finna netföng starfsfólks og símanúmer viðkomandi skóla.

Mikilvægt er að forráðamenn og nemendur séu upplýstir um að greiningargögn og annað sem getur haft áhrif á námsframvindu og velferð nemenda þurfa að skila sér til framhaldsskólanna. Til þess að það gerist þurfa forráðamenn annað hvort að skrifa undir samþykki um að grunnskóli sendi viðkomandi gögn eða forráðamenn geri það sjálfir.

Á framhaldsskólastigi er nauðsynlegt að nemendur og/eða forráðamenn upplýsi kennara og náms- og starfsráðgjafa ef þörf er á sérúrræðum í námi eða annars konar stuðningi.

### Túlkabjónusta

Þeir forráðamenn sem ekki treysta sér til að bera upp erindi við kennara eða starfsfólk skóla á íslensku þurfa að hafa vitneskju um rétt til túlkabjónustu og er það á ábyrgð skólans að upplýsa forráðamenn um slíkt.

Jafnframt geta kennara/starfsfólks skólans notað túlkabjónustu sér til stuðning sé talin þörf á því og mikilvægt er að upplýsa forráðamenn ef slíkt á við.

Meðan nemandinn er skráður í grunnskóla þá sér grunnskóli um að útvega túlk og greiða fyrir þá þjónustu. Þegar nemandi hefur verið innritaður í framhaldsskóla þá sér viðkomandi framhaldsskóli um að útvega túlk og greiðslur.

Mikilvægt er að forráðamenn og skóli eigi samskipti án þess að hætta sé á misskilningi eða að upplýsingar séu ekki veittar vegna erfiðleika með tungumál. Í slíkum tilvikum eru túlkar okkur nauðsynlegir.

Mikilvægt er að starfsfólk grunnskóla komi á tengingu forráðamanna viðkomandi nemenda við starfsfólk framhaldsskólans.

## Farsældarlögin

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eru nú í innleiðingarferli. Ljóst er að nemendur sem þurfa ráðgjöf eða þjónustu við skólaskipti muni í framtíðinni fá aðstoð frá tengilið eða málstjóra í grunnskóla.

Byggjum brú mun nýtast fleiri aðilum en þeim sem þá þegar eru með mál í samþættingu.

## Eyðublöð

Í þessu skjali eru sett fram þrjú eyðublöð sem nýst geta við skólaskilin:

- **Samþykki fyrir miðlun upplýsinga og gagna milli skólastiga.**  
*Eyðublað þar sem forráðamenn samþykkja miðlun upplýsinga og gagna frá grunnskóla til framhaldsskóla.*
- **Upplýsingar um nemanda sem hefur íslensku sem annað tungumál.**  
*Ætlað nemendum með íslensku sem annað tungumál. Til að uppfylla kröfur um persónuvernd þarf eyðublað um samþykki fyrir miðlun upplýsinga og gagna milli skólastiga að liggja fyrir þegar þetta skjal er fyllt út eða nem./forráðamenn fá það frá grunnskóla og sjá sjálfir um að koma upplýsingum á milli skóla.*
- **Gagnlegar upplýsingar við skólaskil.**  
*Ætlað nemendum þar sem fagfólk í grunnskóla viðkomandi nemenda telur áriðandi að miðla upplýsingum. Til að uppfylla kröfur um persónuvernd þarf eyðublað um samþykki fyrir miðlun upplýsinga og gagna milli skólastiga að liggja fyrir. Eða nem./forráðamenn sjá sjálfir um að koma upplýsingum á milli skóla.*
- **Athugið að eyðublöð þurfa að berast til framhaldsskóla fyrir 15. júní.**

## Hlutverk grunnskóla við skólaskil

- Í flestum grunnskólum starfar náms- og starfsráðgjafi sem aðstoðar nemendur og upplýsir um framhaldsnám. Auk þess eru flestir umsjónarkennarar á unglíngastigi með þekkingu og reynslu er varðar inntöku í framhaldsskóla. Samstarf þessara aðila og upplýsingagjöf til bæði nemenda og forráðamanna er mikilvæg sérstaklega fyrir nemendur sem hafa fengið þjónustu í grunnskóla.
- Hlutverk grunnskóla við skólaskil er að:
  - Aðstoða við almennan undirbúning s.s. hvaða framhaldsskólar eru á svæðinu , hvernig eru reglur um námsárangur og innritun?
  - Fylgjast með innritun nemenda og aðstoða þá sem á þurfa að halda við rafræna skráningu.
  - Benda á og skoða hvaða upplýsingar eru til um framhaldsskóla á öðrum tungumálum. Kynna slíkt fyrir þeim nemendum og forráðamönnum sem á þurfa að halda.
  - Bjóða þeim nemendum/forráðamönnum sem eru óöruggir eða leitandi í sérstakar heimsóknir í framhaldsskóla til skrafs og ráðagerða.
  - Huga sérstaklega að nemendum og forráðamönnum sem þurfa aðstoð um leið og innritun í framhaldsskóla hefst og nemendur fá afhenta veflykla. Innritun á starfs- og sérnámsbrautir er í febrúar og þarf að huga að því með góðum fyrirvara.
  - Nýta þegar við á eyðublöð um skólaskil þar sem kennarar/náms- og starfsráðgjafar geta skráð valda þætti um stöðu nemenda; sterkar hliðar, nauðsyn á aðstoð o.fl. með samþykki forráðamanna. **Ath. þó sérstaklega lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, lög um grunnskóla nr. 97/2008 og lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.**

## Hlutverk framhaldsskóla við skólaskil

- Þjónusta náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskóla stendur til boða fyrir innritun og er mikilvægt að það sé sýnilegt á heimasíðum skólana.
- Að skýrt sé hver tekur við upplýsingum um nemendur frá grunnskóla og það komi fram á heimasíðu skólanna.
- Stoðþjónusta framhaldsskólanna sé virkjuð í samræmi við móttækin gögn.
- Sjá um að upplýsingar um skólastarf og alla þjónustu sem í boði er í framhaldsskóla séu aðgengilegar á vef. Það auðveldar forráðamönnum leitina, s.s. um skólagjöld, mötuneyti og stoðþjónustu.
- Móttökuáætlun og upplýsingar um fyrstu skóladaga sé gerð sérstaklega sýnileg á vef hvers skóla, fyrir sumarfrí.
- Upplýsingar um skólastarf séu til á fleiri tungumálum en íslensku, s.s. ensku og pólsku.
- Upplýsingar til nemenda séu sýnilegar í skólanum á upplýsingaskjá eða heimasíðu s.s. um atburði/heimsóknir, kynningar, félagslíf, matseðil, viðveru t.d. hjúkrunarfræðings, sálfræðings o.s.frv.

## Samþykki fyrir miðlun upplýsinga og gagna milli skólastiga

Samþykki þetta gildir ekki um námsmat, en lagaheimild er fyrir miðlun námsmats samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um grunnskóla.

<b>Nafn nemanda:</b>	<b>Kennitala:</b>
<b>Nafn grunnskóla sem flytur gögnin:</b>	
<b>Framhaldsskóli sem fær gögnin:</b>	
<b>Forráðamaður:</b>	<b>Kennitala:</b>
<b>Forráðamaður:</b>	<b>Kennitala:</b>

Framhaldsskólar starfa samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla og þeim reglugerðum sem eiga stoð í þeim lögum, t.d. reglugerð nr. 230/2012 um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum, sem og aðalnámskrá framhaldsskóla. Skrefið frá grunnskóla og yfir í framhaldsskólann getur reynst mörgum erfitt og því skiptir miklu máli að brúa bilið þar á milli sem best svo nemendur fái áfram allan þann stuðning og þá þjónustu sem þeir þurfa svo námið gangi sem best. Samkvæmt aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla (2011) er eitt helsta markmið samstarfs milli skólastiga að tryggja samfellu í námi, stuðla að velferð nemenda og miðla upplýsingum.

Í lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla kemur fram að framhaldsskólar skulu hlutast til um að nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda fái þann stuðning og viðeigandi kennslu samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum sem skólinn hefur fengið í tengslum við innritun nemenda. Þar af leiðandi er mikilvægt að allar upplýsingar sem skipta skólagöngu nemenda máli berist til

---

**(NAFN FRAMHALDSSKÓLA)**

Eins og fram kemur í reglugerð nr. 230/2012 um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum (athugið að nemendur með sérþarfir teljast þeir nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námerfiðleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar) bera forráðamenn ábyrgð á því að veita framhaldsskóla allar nauðsynlegar upplýsingar um sérþarfir ólöggráða barna þeirra. Slík upplýsingagjöf liggur til grundvallar mati á þörf fyrir stuðning í námi og er forsenda þess að framhaldsskóli geti veitt viðeigandi þjónustu.

Einnig skulu forráðamenn koma á framfæri upplýsingum til framhaldsskóla um breytingar á högum og aðstæðum barna þeirra sem kunna að skipta máli fyrir námsframvindu, ástundum, líðan og hegðun nemanda.

---

(NAFN FRAMHALDSSKÓLA)

Einn liður í starfi er að fylgja þessum lögum og markmiðum eftir og veita góða og einstaklingsmiðaða þjónustu. Forsenda þess er markviss móttaka og úrvinnsla á mikilvægum upplýsingum um nemendur. Viðkomandi kennurum í framhaldsskólum er jafnframt greint frá sérþörfum nemenda ef þær eru taldar getað hamlað nemanda í tiltekinni námsgrein. Án fyrrgreindra upplýsinga getur reynst erfitt að veita áfram samfellda þjónustu á einstaklingsgrundvelli.

Um upplýsingar sem tengjast námsmati beint sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla kemur fram að heimilt er að veita upplýsingar um námsmat vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Á þessu eyðublaði lýsir þannig nemandinn og forráðamenn því yfir hvort þeir séu samþykkir aðgreindum vinnsluaðferðum framhaldsskólans á persónuupplýsingum barna þeirra. Þetta varðar **móttöku, geymslu og úrvinnslu upplýsinga og greininga og annarra gagna** sem fylgja nemandanum á milli skóla.

Undirritaður forráðamaður tekur með þessum hætti afstöðu til þess hvort framhaldsskólanum **sé heimilt að veita viðtöku, varðveita og vinna með þær upplýsingar sem nemandanum fylgja og staðfestir hér með þá afstöðu sína með undirritun sinni.**

Miðlun upplýsinga með þeim hætti sem rakin er hér að ofan hefur tilvísun í lög um grunnskóla nr. 91/2008 um þagnarskyldu skv. 2. mgr. 12. gr auk 8. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, sbr. X. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

**Flutningur á gögnum/greiningum nemanda til framhaldsskóla**

Samþykkir þú að fyrrverandi skóla nemandans sé heimilt að afhenda skimanir, greiningar og skýrslur sérfræðinga sem mikilvægar eru til að ná sem bestri samfellu nemandans í námi?	Já	Nei
Samþykkir þú að fyrrverandi skóla nemandans sé heimilt að afhenda önnur gögn sem mikilvæg eru upp á samfellu nemandans í námi?	Já	Nei

**Aðgengi kennara að upplýsingum um nemendur innan framhaldsskólans.**

Samþykkir þú að upplýsingum um þær sérþarfir barns þíns sem hamlað gætu í námi séu aðgengilegar þeim kennurum sem vinna með nemandanum hverju sinni?	Já	Nei
--	----	-----

Þær upplýsingar sem hér eru veittar eru geymdar á öruggum stað og ekki notaðar í öðrum tilgangi en til að staðfesta samþykki forráðamanns.

---

**(NAFN FRAMHALDSSKÓLA)**

er ábyrgðaraðili vinnslunnar og mun fylgja gildandi lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við meðferð gagnanna. Athygli er vakin á því að heimilt er að draga gefið samþykki til baka hvenær sem er og skal það gert skriflega á þar til gert eyðublað. Afturköllun samþykkis skal ekki hafa áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónulegar upplýsingar eru ekki sendar til þriðja aðila án leyfis forráðamanna nemenda undir 18 ára eða lögráða nemenda og eru þær varðveitt sem trúnaðarmál.

Samþykkisyfirlýsing þessi er í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Staður og dagsetning

---

Undirskrift forráðamanns

---

Undirskrift nemanda

---

<b>Upplýsingar um nemanda</b>			
<b>sem hefur íslensku sem annað tungumál</b>			
<p><b>ATH!</b> Til að uppfylla kröfur um persónuvernd þarf skriflegt samþykki fyrir miðlun upplýsinga milli skólastiga að liggja fyrir þegar þetta skjal er fyllt út, eða nem./forráðamenn fá það frá grunnskóla og sjá sjálfir um að koma upplýsingum á milli skóla.</p>			
<b>Nafn:</b>			
<b>Kennitala:</b>			
<b>Fyrri búseta</b>			
Land sem ég er fædd/ur í			
Ég hef búið í þessum löndum			
Ég kom til Íslands árið			
<b>Forráðamenn</b>			
Nafn/nöfn, sími og netfang.			
<b>Fjölskylda</b>			
Forráðamenn mínir eru báðir erlendir - frá þessum löndum:			
Annar forráðamaður minn er íslenskur en hinn er frá:			
<b>Tungumál</b>			
Móðurmál mitt er			
Móðurmál forráðamanna minna er			
Ég tala þessi tungumál			
Ég hef lært dönsku í grunnskóla	Já	nei	
Ég fékk kunnáttu í móðurmáli mínu metna í stað dönsku	Já	nei	
Ég fékk íslenskukennslu í dönskutímum í grunnskóla	Já	nei	
Ég hef fengið kennslu í <b>móðurmáli</b> mínu eftir að ég flutti til Íslands	Já	nei	
<b>Ef já:</b>	Hjá kennara eftir skólatíma	Forráðamenn mínir hafa kennt mér	Í fjarkennslu/gegnum netið
<b>Aðstoð með íslensku í grunnskóla</b>			
Já, ég var með sérstaka aðstoð í íslensku			
Í 8. bekk	Í 9. Bekk	Í 10. bekk	
<b>Námsefni</b>	Já	Nei	
Ég hef verið með sama námsefni og bekkurinn minn í öllum námsgreinum			



<p><b>Ef nei:</b> Ég hef verið með annað námsefni en bekkurinn minn í:</p> <p>Stjörnumerkt einkunn (aðlagð námsefni og mat) í einhverjum námsgreinum</p>	<p>_____ íslensku                      _____ stærðfræði</p> <p>_____ ensku                        _____ lesgreinum</p> <p>_____ já                                _____ nei</p>		
<p><b>Samskiptaleiðir við forráðamenn</b> Forráðamönnum mínum finnst best að hafa samskipti við skólann:</p>	<p>_____ í síma                      _____ í tölvupósti</p> <p>_____ á fundum                      _____ á annan hátt</p> <p>og þá þannig: _____</p>		
<p><b>Túlkapjónusta</b> Forráðamenn mínir þurfa að hafa túlk á fundum í skólanum</p>	<table border="1"> <tr> <td data-bbox="735 728 1091 835">Já</td> <td data-bbox="1091 728 1417 835">Nei</td> </tr> </table>	Já	Nei
Já	Nei		
<p><b>Tungumál</b> Það tungumál sem forráðamenn mínir vilja nota með túlki</p>			
<p><b>Annað sem gott væri að koma á framfæri:</b></p>			
<p><b>Er eitthvað varðandi heilsufar nemenda sem skólinn þarf að vita um?</b></p>			
<p>Forráðamenn mínir hafa oftast haft sama túlk á fundum í grunnskóla og vilja gjarnan hafa hann áfram Nafn túlks: _____</p>			
<p><b>Væntingar mínar til framhaldsskólans</b></p> <p>_____</p> <p><b>Námsbrautin sem ég stefni á</b></p> <p>_____</p>			

**Staður og dagsetning**

\_\_\_\_\_

**Undirskrift nemanda**

\_\_\_\_\_

**Undirskrift forráðamanns**

\_\_\_\_\_

## Gagnlegar upplýsingar við skólaskil

Áhersla er lögð á að nemendur skrái inn upplýsingar um stöðu sína með forráðamönnum og/eða fagfólki í grunnskóla. Ekki er gert ráð fyrir að allir nemendur geri það, einungis þeir sem grunnskóla viðkomandi nemanda finnst vera áriðandi að geri slíkt (sjá nánar **Markmið** hér að ofan).

Til að uppfylla kröfur um persónuvernd þarf skriflegt **samþykki fyrir miðlun upplýsinga og gagna milli skólastiga** að liggja fyrir, eða nem./forráðamenn sjá sjálfir um að koma upplýsingum á milli skóla.

Nafn nemanda	Kennitala	
Nafn grunnskóla		
Styrkleikar mínir í námi og utan skóla		
Uppáhalds námsgreinar mínar og ástæður þess		
Ég á erfiðast með þessar námsgreinar		
Stjörnumerkt einkunn (aðlagað námsefni og mat) í einhverjum námsgreinum		
Ég hef fengið aðstoð frá námsráðgjafa í grunnskóla	já	nei
Ég hef fengið aðstoð frá sérkennara í grunnskóla	já	nei
Líðan mín í skóla á unglíngastigi hefur verið	Frekar góð	Frekar slæm
Ég er stundum kvíðin(n) eða óörugg(ur)	stundum/oft	sjaldan/aldrei
Annað sem ég vil koma á framfæri, t.d. um hvernig aðstoð ég hef fengið eða hverju ég óska eftir í nýjum skóla		

Væntingar mínar til framhaldsskólans:

Námsbrautin sem ég stefni á:

Annað sem þú vilt koma á framfæri (t.d. lyfjagjöf eða eitthvað sem þér finnst skipta máli)

ATH. liggja þarf fyrir skriflegt samþykki fyrir miðlun upplýsinga milli skólastiga þegar þetta skjal er fyllt út eða nem./forráðamenn fá það frá grunnskóla og sjá sjálfir um að koma upplýsingum á milli skóla.

Staður og dags.

---

Undirskrift nemanda

---

Undirskrift forráðamanns/forráðamanna

---

---

## Lög, reglugerðir og annað gagnlegt efni

### Aðalnámskrá grunnskóla 2011

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab0>

### Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab1>

### Lög um persónuvernd nr. 90/2018

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018090.html>

### Lög um grunnskóla nr. 97/2008

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

### Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

### Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, 585/2010

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/mennta--og-meningarmalaraduneyti/nr/16591>

### Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum, 326/2016

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/mennta--og-meningarmalaraduneyti/nr/20065>

### Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum, 230/2012

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/mennta--og-meningarmalaraduneyti/nr/17759>

**Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, 975/2018**

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1040-2011>

**Stjórnsýslulög nr. 37/1993**

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html>

**Alþjóðastofa á Akureyri**

<https://www.akureyri.is/is/thjonusta/velferd-og-fjolskyldan/althjodastofa>

**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra - túlkþjónusta:**

<https://shh.is/Rannsoknir/Taknmalstulkun/>